

Fundur skipulags- og samgönguráðs 13. október 2021:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leikvöll í Árskógum í Breiðholti – US210299

Lagt er til að fundinn verði staður fyrir leikvöll í nágrenni við íbúðir í Árskógum í Breiðholti.

Greinargerð:

Í Árskógum hafa undanfarið bæst við nýjar íbúðir. Þrátt fyrir að einhver hluti þeirra séu íbúðir fyrir aldraða fá þeir íbúar margir hverjir til dæmis barnabörn í heimsókn og möguleiki á leikvelli í göngufæri myndi auðga nærumhverfi þeirra og annarra íbúa á svæðinu.